

## Ferðapjónustureikningar 2009–2021

### Tourism Satellite Accounts 2009–2021

#### Samantekt

Hluttur ferðapjónustu í landsframleiðslu nam 4,2% árið 2021 samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum ferðapjónustureikninga, samanborið við 3,6% árið 2020. Á tímabilinu 2016 til 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn, nam hluttur ferðapjónustu í landsframleiðslu að jafnaði 8,1%.

Erlendum komufarþegum til landsins fjölgaði ár frá ári á tímabilinu 2009 til 2018 og voru 2,8 milljón árið 2018 en fækkaði í kjölfar kórónuveirufaraldursins sem hófst árið 2020. Tæplega hálf milljón erlendra farþega kom til landsins árið 2020 og rúmlega 800 þúsund árið 2021.

Heildarneysla ferðamanna, innlendra og erlendra, á ferð um Ísland nam 349 milljörðum króna árið 2021 en til samanburðar nam hún 556 milljörðum króna árið 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn. Árið 2020 er eina árið í tímaröðinni þar sem útgjöld innlendra ferðamanna reyndust meiri en útgjöld erlendra ferðamanna en hluttur innlendra ferðamanna í heildarneyslu ferðamanna nam 55% árið 2020.

Gistipjónusta vegur þyngst í útgjöldum ferðamanna hérlendis en erlendra ferðamanna gistinætur drógust mikið saman árið 2020, í kjölfar kórónuveirufaraldursins, eða um 75% borið saman við fyrra ár. Á sama tíma jókst fjöldi gistinóttanna innlendra ferðamanna um 35%. Gistinóttum ferðamanna fjölgaði um 52% árið 2021 borið saman við fyrra ár en bæði erlendum og íslenskum gistinóttum fjölgaði þá á milli ára.

Áætlað er að tæplega 14 þúsund einstaklingar hafi starfað við ferðapjónustu hér á landi á árinu 2021 en til samanburðar störfuðu tæplega 23 þúsund í ferðapjónustu árið 2019. Hluttur vinnustunda sem tengdust beint framleiðslu á vöru eða þjónustu til endanlegra nota fyrir ferðamenn af heildarvinnustundum námu 6,5% árið 2021, samanborið við 5,6% árið 2020. Til samanburðar nam hlutfallið 10,4%, að meðaltali, á árunum 2016 til 2019.

Samkvæmt síðustu útgáfu Hagstofu Evrópusambandsins um ferðapjónustureikninga var ferðapjónustuhlutfall ríkja Evrópusambandsins eða hlutfall neyslu í innlendri ferðapjónustu af heildarframboði, að meðaltali, 3,4% og var algengasta viðmiðunarár talnaefnisins 2016. Ferðapjónustuhlutfall Íslands var, til samanburðar, 8,7% árið 2016 og var því talsvert yfir meðaltali ríkja Evrópusambandsins. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum ferðapjónustureikninga var ferðapjónustuhlutfall fyrir Ísland 4,7% árið 2021.

## Inngangur

Ritið veitir notendum yfirlit yfir hlut ferðapjónustu í íslenska hagkerfinu á árunum 2009-2021. Tímabilið til skoðunar hefst í efnahagslægd í kjölfar alþjóðlegrar fjármálakreppu árið 2008 og líkur í kórónuveirufaraldri sem hófst árið 2020 og hafði mikil áhrif á ferðapjónustu hér á landi sem og annars staðar í heiminum. Í millitíðinni var mikill vöxtur í ferðapjónustu á Íslandi.

Ritið er byggt á niðurstöðum ferðapjónustureikninga (e. tourism satellite accounts) sem eru hliðarreikningar þjóðhagsreikninga. Líkt og um þjóðhagsreikninga er ekki um að ræða bókhald í þeim skilningi að öll viðskipti séu skráð heldur er athyglinni beint að ákveðnum meginhugtökum. Ferðapjónustureikningar taka til útgjalda bæði innlendra og erlendra ferðamanna á Íslandi.

Ferðapjónusta er ekki skilgreind sem sér atvinnugrein í skilningi hefðbundinnar atvinnugreinaflokkunar þar sem þjónusta við ferðamenn liggur þvert á atvinnugreinar. Ferðapjónusta afmarkast við kaup ferðamanna á vörum og þjónustu en ekki framleiðslu.


Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir þróun helstu hagtalna um ferðapjónustu á tímabilinu sem er til skoðunar, árunum 2009 til 2021. Í öðrum kafla er farið yfir niðurstöður ferðapjónustureikninga fyrir árið 2021. Í þriðja kafla er fjallað um neyslu ferðamanna á Íslandi á tímabilinu, bæði erlendra og innlendra ferðamann. Í fjórða kafla er fjallað um ferðapjónustuhlutfallið og vægi ferðapjónustu í hagkerfinu og í þeim fimmta um hlut ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu. Í sjötta kafla er gerð grein fyrir vinnuafli í ferðapjónustu á tímabilinu og í sjöunda kafla má finna alþjóðlegan samanburð ferðapjónustureikninga. Í áttunda kafla er fjallað almennt um ferðapjónustureikninga.

## 1. Ferðapjónusta á Íslandi 2009-2021

Erlendum komufarþegum fjölgaði ár frá ári á tímabilinu 2009 til 2018. Fjöldi komufarþega voru um 650 þúsund á ári í upphafi tímabilsins eða á árunum 2009 og 2010 en tæplega 2,8 milljón árið 2018. Fjöldi erlendra komufarþega riflega fjórfaldaðist því frá 2010 til 2018 sem jafngildir, að meðaltali, um 20% fjölgun farþega á ári. Árleg aukning var hlutfallslega mest árið 2016 þegar erlendum komufarþegum fjölgaði um 35% frá fyrra ári. Tölur um fjölda komufarþega ber að skoða með skekkjuvalda í huga. Á Keflavíkurflugvelli er um er að ræða talningu á farþegum með erlent ríkisfang og þeirra á meðal eru erlendir ríkisborgarar sem búsettir eru á Íslandi, erlent vinnuafli og farþegar sem fara í gegnum öryggisleit við millilendingu.

Fjöldi erlendra komufarþega dróst saman um 8% árið 2019 borið saman við árið 2018 og í kjölfar kórónuveirufaraldursins sem hófst árið 2020 dróst fjöldi komufarþega verulega saman en tæplega hálf milljón erlendra farþega kom til landsins árið 2020 og fækkaði um 81% frá fyrra ári. Áhrifa faraldursins gætti enn árið 2021 þegar erlendir komufarþegar mældust um 800 þúsund.


Meirihluti erlendra komufarþega ársins 2021, eða 85%, nýttu sér flugsamgöngur við komuna til landsins, 1% ferju og 14% komu með skemmtiferðaskipum. Það er svipað og þegar komur til landsins voru hvað tíðastar á



árunum 2016 til 2018 þegar 84% erlendra farþega komu, að jafnaði, með flugsamgöngum, 1% með ferjum og 15% með skemmtiferðaskipum. Til samanburðar komu 74% erlendra farþega ársins 2009 með flugsamgöngum, 2% með ferjum og 24% með skemmtiferðaskipum.

Fjöldi árlegra gistinóttu erlendra gesta fór vaxandi ár frá ári á tímabilinu 2009 til 2018, líkt og fjöldi erlendra komufarþega. Fjöldi gistinóttu erlendra ferðamanna, þ.e. gistinætur erlendra gesta á skráðum gístistöðum á Íslandi, var um 2,1 milljón árin 2009 og 2010 en ríflega 7,4 milljónir árið 2018 þegar mest lét. Í kórónuveirufaraldrinum drógust gistinætur erlendra ferðamanna saman og var 1,8 milljón árið 2020 sem jafngildir 75% samdrætti frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ferðamanna voru 3 milljónir árið 2021.

Gistinætur innlendra ferðamanna jukust aftur á móti í kórónuveirufaraldrinum. Þær voru rúmlega ein milljón árið 2019, ekki ósvipað fyrri árum, tæplega 1,5 milljón árið 2020 og rúmlega 1,9 milljón árið 2021. Gistinætur innlendra ferðamanna héraðs voru því 78% fleiri árið 2021 en árið 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn.



## 2. Niðurstöður ferðapjónustureikninga 2021

Hluttur ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu nam 4,2% árið 2021 samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum ferðapjónustureikninga, samanborið við 3,6% árið 2020. Á tímabilinu 2016 til 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn, nam hluttur ferðapjónustu í landsframleiðslu að jafnaði 8,1%.

Heildarneysla ferðamanna, innlendra og erlendra, hér á landi nam 349 milljörðum króna árið 2021 og jókst um 49% borið saman við árið 2020. Heildarneysla ferðamanna er þó enn töluvert lægri en árið 2019 þegar hún nam 556 milljörðum króna. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs.


Áætluð útgjöld innlendra ferðamanna á ferð um Ísland árið 2021 námu 149 milljörðum króna og jukust um 24% frá fyrra ári. Gistipjónusta vegur þyngst í útgjöldum innlendra ferðamanna á árinu 2021 en gistinóttum þeirra fjölgaði um 32% borið saman við árið 2020.

Útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi á árinu 2021 námu, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum, 189 milljörðum króna sem er aukning um 92% borið saman við fyrra ár en voru þó ríflega helmingi lægri en útgjöld erlendra ferðamanna árið 2019.

Áætlað er að tæplega 13.800 einstaklingar hafi starfað við ferðapjónustu hér á landi á árinu 2021 sem er fjölgun um 8% frá árinu 2020. Til samanburðar störfuðu tæplega 22.800 í ferðapjónustu árið 2019.


Fjöldi vinnustunda við framleiðslu á vöru eða þjónustu til endanlegra nota fyrir ferðamenn jókst meira en fjöldi starfandi við ferðapjónustu á árinu 2021 samanborið við fyrra ár eða um 18%. Áætlað er að fjöldi vinnustunda við ferðapjónustu hafi numið 18,4 milljónum stunda árið 2021 samanborið við 15,5 milljónum árið 2020 og 31,5 milljónum árið 2019.

Mælt í heildarfjölda vinnustunda er áætlað að 6,5% vinnustunda hér á landi á árinu 2021 hafi tengst beint framleiðslu á vöru eða þjónustu fyrir ferðamenn. Til samanburðar var þetta hlutfall 5,6% árið 2020 og að jafnaði 10,4% á árunum 2016-2019.



### 3. Neysla ferðamanna 2009-2021

Áætluð heildarneysla í innlendra ferðaþjónustu nam 349 milljörðum króna árið 2021 og jókst um 49% borið saman við árið 2020. Eins og sjá má á mynd 4 samanstandur innlend neysla af útgjöldum erlendra ferðamanna, útgjöldum innlendra ferðamanna auk annarrar neyslu, þ.e. tilreiknaðri leigu á sumarhúsum og kostnaði atvinnurekenda vegna viðskiptaferða starfsfólks. Vert er að hafa í huga að upphæðir eru á verðlagi hvers árs og endurspeglar því ekki breytingar að raungildi á milli viðmiðunartímabila.



#### 3.1. Útgjöld erlendra ferðamanna

Útgjöld erlendra ferðamanna drógust verulega saman í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Útgjöld erlendra ferðamanna námu 98 milljörðum króna árið 2020 samanborið við 385 milljarða króna árið 2019 og drógust því saman um 74% milli ára. Áætlað er að útgjöld erlendra ferðamanna hafi numið 189 milljörðum króna árið 2021.

Stærsti útgjaldaliður erlendra ferðamanna hérlendis er gistiþjónusta. Annar stór útgjaldaliður er kaup á vörum og þjónustu utan einkennandi greina ferðaþjónustu, svo sem í verslunum, bensínstöðvum o.s.frv. Aðrir stórir útgjaldaliðir eru vegna flugsamgangna og þjónustu ferðaskrifstofa.

TAFLA 1

## Útgjöld erlendra ferðamanna 2018-2021

Milljarðar króna, á verðlagi hvers árs

	2018	2019	2020	2021
<b>Heildarneysla</b>	<b>394,9</b>	<b>384,9</b>	<b>98,3</b>	<b>188,8</b>
Gistipjónusta	86,6	86,3	21,0	40,1
Veitingapjónusta	40,8	38,5	10,3	20,4
Farþegaflutningar á landi	14,1	13,0	3,1	4,3
Farþegaflutningar á sjó	2,1	1,7	0,7	1,6
Farþegaflutningar með flugi	67,2	64,5	13,6	28,0
Leiga flutningstækja, bílaleiga og fleira	34,8	33,0	8,6	22,0
Ferðaskrifstofur	77,7	76,7	15,4	30,6
Menningarstarfsemi	3,5	3,5	1,1	1,9
Afþreying og tómstundastarfsemi	6,4	6,8	3,0	5,5
Þjónusta við ferðamann í öðrum atvinnugreinum	61,7	61,1	21,5	34,3

Bráðabirgðatölur fyrir 2021.

 Hagstofa Íslands


## 3.2. Útgjöld innlendra ferðamanna

Útgjöld innlendra ferðamanna námu 149 milljörðum króna árið 2021 sem er aukning um 24% frá fyrra ári. Gistinóttum innlendra ferðamanna fjölgaði um 32% borið saman við árið 2020 en gistipjónusta vegur þyngst í útgjöldum þeirra. Gistinætur Íslendinga jukust einnig á milli áranna 2019 og 2020 eða um 35%.

Árið 2020 er eina árið í tímaröðinni frá 2009 þar sem útgjöld innlendra ferðamanna eru meiri en útgjöld erlendra ferðamanna. Útgjöld innlendra ferðamanna námu 44% af heildarútgjöldum ferðamanna árið 2021, 55% árið 2020 og 27% árið 2019.

MYND 5

## Útgjöld innlendra og erlendra ferðamanna á Íslandi 2018-2021

■ Útgjöld erlendra ferðamanna    ■ Útgjöld innlendra ferðamanna


Bráðabirgðatölur fyrir 2021.


 Hagstofa Íslands

Vert er að hafa í huga að talnaefni um útgjöld innlendra ferðamanna er byggt á mati og almennt meiri vandkvæðum bundið að áætla útgjöld innlendra ferðamanna en útgjöld erlendra ferðamanna. Neysluhegðun innlendra ferðamanna er að jafnaði nokkuð ólík neysluhegðun erlendra ferðamanna. Þannig ferðast innlendir ferðamenn til að mynda frekar á eigin bílum og dvelja frekar í húsnæði í einkaeigu og því erfiðara að sundurgreina einkaneyslu þeirra á ferðalagi frá einkaneyslu daglegs lífs.


## 4. Ferðþjónustuhlutfall 2009-2021

Kjarnastærð ferðþjónustureikninga er svokallað ferðþjónustuhlutfall (e. Tourism Ratio) sem ætlað er að sýna hlutdeild ferðþjónustu í hagkerfinu. Ferðþjónustuhlutfall er hlutfall neyslu í innlendri ferðþjónustu af heildarframboði í hagkerfinu. Heildarframboð er byggt á framleiðsluvirði einkennandi atvinnugreina ferðþjónustu og annara atvinnugreina í framleiðsluuppjöri þjóðhagsreikninga.

Ferðþjónustuhlutfallið þvert á atvinnugreinar nam, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum ferðþjónustureikninga, 4,7% árið 2021 samanborið við 3,6% árið 2020. Á tímabilinu 2009-2021 var hlutfallið hæst á árunum 2016 og 2017 þegar 8,7% heildarframboðs var vegna framleiðslu á vöru eða þjónustu til endanlegra nota fyrir ferðamenn.




Greina má ferðþjónustuhlutfall fyrir einkennandi atvinnugreinar ferðþjónustunnar og annarra atvinnugreina eins og gert er á mynd 7 þar sem sjá má ferðþjónustuhlutfall valinna atvinnugreina fyrir árin 2019 og 2020, fyrir og í kórónuveirufaraldrinum. Ferðþjónustuhlutfall atvinnugreina fyrir árið 2021 verða birt með útgáfu ferðþjónustureikninga fyrir árið 2022. Ferðþjónustuhlutfallið er 100% í tilfelli sumarhúsa (tilreiknuð leiga) og ferðaskrifstofa árin 2019 og 2020 en báðar greinar byggja að öllu leyti á neyslu ferðamanna. Hlutfallið er einnig hátt fyrir gistiþjónustu og leigu flutningstækja, bílaleiga og fleira en lægra fyrir atvinnugreinar sem heimamenn nýta sér ekki síður en ferðamenn eins og verslun og veitingaþjónustu. Ferðþjónustuhlutfall veitingaþjónustu var 44,2% árið 2019 en 24,4% árið 2020 í kjölfar fækkunar ferðamanna.




## 5. Hlutfur ferðapjónustu í landsframleiðslu 2009-2021

Við mat á vægi ferðapjónustu í hagkerfinu er gjarnan horft á hlutfur ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu. Hlutfur ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu nam 3,5% árið 2009 og 3,4% árið 2010 en hlutfurdeildin jókst ár frá ári til árunna 2018 og 2019 þegar ferðapjónusta nam 8,1% af landsframleiðslu hvors árs. Með kórónuveirufaraldrinum árið 2020 lækkaði hlutfur ferðapjónustu í landsframleiðslu niður í 3,6%. Áætlaður hlutfur ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu ársins 2021 er 4,2%.



Þegar hlutfur ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu er borin saman við aðrar atvinnugreinar þarf að hafa í huga að ferðapjónusta er ekki skilgreind sem atvinnugrein í hefðbundinni atvinnugreinaflokkun heldur liggur hún þvert á atvinnugreinar. Ferðapjónusta spilaði ekki eins veigamikil hlutverk í vergri landsframleiðslu árin 2020 og 2021 og hún gerði árið 2019 eins og sjá má á mynd 8 sem sýnir hlutfurdeild valinna atvinnugreina í vergri landsframleiðslu.



## 6. Vinnuafli í ferðapjónustu 2009-2021


Fjöldi starfandi einstaklinga við þjónustu ferðamanna var tæplega 9 þúsund árið 2009 en tæplega 23 þúsund á árunum 2018 til 2019. Á tímabilinu 2009 til 2018 jókst fjöldi starfandi í ferðapjónustu því um 162% eða um því sem nemur um 11% að meðaltali á ári.

Árið 2020 dróst fjöldi starfandi einstaklinga í ferðapjónustu saman um 44% en tæplega 13 þúsund einstaklingar störfuðu í þjónustu við ferðamenn árið 2020. Á sama tíma mældist mikill samdráttur í komum erlendra farþega til Íslands frá fyrra ári eða um 81% sem má rekja til áhrifa kórónuveirufaraldursins. Árið 2021 fjölgaði starfandi í ferðapjónustu um 8% frá fyrra ári en fjöldi erlendra komufarþega jókst um 66% á sama tíma.

Í kórónuveirufaraldrinum nýttu mörg fyrirtæki í einkennandi greinum ferðaþjónustu sér svokallaða „hlutabótaleið“ sem var tímabundin mótvægisáðgerð stjórnvalda vegna áhrifa heimsfaraldursins. Hlutabótaleiðin gerði fyrirtækjum kleift að lækka starfshlutfall hjá launafólki tímabundið á móti greiðslu atvinnuleysisbóta. Af þeim sem fengu greiddar hlutabætur á árinu 2020 störfuðu um 37% í einkennandi greinum ferðaþjónustu.

Vinnustundir sem tengdust beint framleiðslu á vöru eða þjónustu til endanlegra nota fyrir ferðamenn mældust 11,8 milljónir árið 2009 en tæplega 31,9 milljónir árið 2018. Vinnustundum í ferðaþjónustu fjölgaði því um 170% á árunum 2009 til 2018. Vinnustundir í ferðaþjónustu drógust saman um 51% árið 2020 er þær námu 15,5 milljónum og eru áætlaðar að þær hafi numið 18,4 milljónum árið 2021 sem er aukning um 18% frá fyrra ári.

Hluttur vinnustunda sem tengdust beint framleiðslu á vöru eða þjónustu til endanlegra nota fyrir ferðamenn af heildarvinnustundum hagkerfisins námu 5,6% árið 2020 og 6,5% árið 2021. Til samburðar nam hlutfallið að meðaltali 10,4% á árunum 2016 til 2019.



Talnaefni um vinnuafli í ferðaþjónustu var fyrst birt samkvæmt núverandi aðferðafræði árið 2021 og sýnir fjölda starfandi einstaklinga sem þjóna ferðamönnum beint, fjölda starfa og fjölda vinnustunda sem unnar hafa verið við verk sem tengjast beint þjónustu við ferðamenn. Líkt og í öðru talnaefni ferðaþjónustureikninga er leitast við að meta þjónustu við ferðamenn þvert á atvinnugreinar og því er ekki aðeins horft til einkennandi greina ferðaþjónustunnar. Við mat á hlut ferðaþjónustu í vinnuafli er byggt á ferðaþjónustuhlutfalli viðkomandi atvinnugreina. Þannig er gert ráð fyrir því að við framleiðslu vöru eða þjónustu sé vinnuafllspörfin sú sama óháð því hvort endanlegir kaupendur séu ferðamenn eða ekki. Talnaefnið inniheldur ekki, enn sem komið er, mat á svartri atvinnustarfsemi eða ólaunaðri vinnu.


## 7. Alþjóðlegur samanburður

Samkvæmt síðustu útgáfu Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) um ferðaþjónustureikninga frá 2019 var ferðaþjónustuhlutfall þeirra ríkja Evrópusambandsins sem tóku þátt í útgáfunni, að meðaltali, 3,4%. Ferðaþjónustuhlutfall fyrir Ísland var, til samanburðar, 8,7% árið 2016. Ferðaþjónustuhlutfallið var hæst í Króatíu eða 9,8% og lægst í Póllandi eða 1,5%.

Viðmiðunarár talnaefnis er mismunandi eftir ríkjum og fer eftir tímanleika ferðaþjónustureikninga í hverju ríki. Algengasta viðmiðunarárið er árið 2016 og niðurstöður ferðaþjónustureikninga fyrir árið 2016 fyrir Ísland eru þess vegna notaðar til viðmiðunar en Ísland var ekki hluti af síðustu útgáfu Eurostat um ferðaþjónustureikninga.

Eurostat gefur út skýrslu með niðurstöðum ferðaþjónustureikninga Evrópuríkja á þriggja ára fresti. Niðurstöður fyrir Ísland munu í fyrsta skipti birtast í næstu útgáfu Eurostat sem er áætluð fyrir lok árs 2022.





## 8. Um ferðapjónustureikninga

Ferðapjónustureikningar (e. tourism satellite accounts) eru hliðarreikningar þjóðhagsreikninga og er ætlað að leggja mat á hlut ferðapjónustunnar í hagkerfinu. Ferðapjónustureikningar taka til útgjalda innlendra og erlendra ferðamanna hér á landi. Ferðapjónustureikningar eru unnir af Hagstofu Íslands á grundvelli samnings við Nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytið (nú Ráðuneyti viðskipta- og menningarmála). Niðurstöður ferðapjónustureikninga eru meðal annars notaðar við greiningar og stefnumótun í ferðapjónustu á Íslandi.

Ferðapjónustureikningar fyrir Ísland eru byggðir á grunni alþjóðastaðals um ferðapjónustureikninga, *Tourism Satellite Account: Recommended Methodological Framework 2008 (TSA:RMF 2008)*, sem Hagstofa Sameinuðu þjóðanna (UNSD), Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat), Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Heimssamtök í ferðapjónustu (UNWTO) hafa samþykkt. Hugtök notuð í ferðapjónustureikningum eru samkvæmt skilgreiningu alþjóðastaðals um ferðapjónustutölfræði, *International Recommendations for Tourism Statistics (IRTS 2008)*.

Eftirfarandi töflur mynda ferðapjónustureikninga fyrir Ísland eins og þeir eru í núverandi mynd:

- Útgjöld erlendra ferðamanna eftir atvinnugreinum og tegund ferðamanna (tafla 1)
- Útgjöld innlendra ferðamanna á Íslandi eftir atvinnugreinum (tafla 2)
- Neysla í ferðapjónustu á Íslandi eftir atvinnugreinum (tafla 4)
- Framleiðsluvirði í ferðapjónustu og öðrum atvinnugreinum (tafla 5)
- Heildarframboði í hagkerfinu og neysla í ferðapjónustu á Íslandi (tafla 6)
- Vinnuafli í ferðapjónustu eftir fjölda starfandi, starfa og vinnustunda (tafla 7)
- Fjöldi ferða og gistinátta eftir tegund ferðamanna (tafla 10a)
- Komur farþega eftir tegund ferða (tafla 10b)
- Fjöldi þjónustuaðila og nýting gistirýmis eftir tegund gistingar (tafla 10c)

Tölugildin fyrir hverja töflu ferðapjónustureikninga (í sviga við töfluheiti hér að ofan) eru þau sömu og í TSA:RMF, 2008. Töflur sem hafa ekki, enn sem komið er, verið gefnar út fyrir Ísland er tafla 3 um neyslu íslenskra ferðamanna erlendis, tafla 8 um fjármunamyndun í ferðapjónustu, tafla 9 um samneyslu í ferðapjónustu og tafla 10d um fjölda gistirýma eftir fjölda starfandi.

Hafa ber í huga að, enn sem komið er, eru ferðapjónustureikningar aðeins gefnir út á verðlagi hvers árs ólíkt þjóðhagsreikningum sem eru umreiknaðir til fasts verðs, eða staðvirðingar. Það er því vandmeðfarið að meta vöxt ferðapjónustunnar að raungildi. Vinna stendur nú yfir við gerð talnaefnis á föstu verðlagi sem Hagstofa Íslands hyggst gefa út innan tíðar og auka þannig enn frekar framboð opinberra hagtalna sem byggja á aðferðafræði ferðapjónustureikninga.

Áður birtar niðurstöður ferðapjónustureikninga hafa verið endurskoðaðar samhliða birtingu ferðapjónustureikninga fyrir árið 2021. Þar sem ferðapjónustureikningar byggja á niðurstöðum ráðstöfunaruppgjörs og framleiðsluuppgjörs er rétt að áréttta að endurskoðanir sem gerðar eru í þeim uppgjörum ná einnig til ferðapjónustureikninga.

## Viðauki 1: Meginheimildir ferðapjónustureikninga

Ferðapjónustureikningar byggja á fjölþættum heimildum sem ýmist eru unnar innan Hagstofu Íslands, fengnar upp úr opinberum skráum eða safnað í formi kannana eða beinna fyrirspurna. Ferðapjónustureikningar byggja á niðurstöðum ráðstöfunaruppgjörs og framleiðsluuppgjörs þjóðhagsreikninga og eru ýmis gögn samnýtt.

Helstu gögn sem notuð eru við gerð ferðapjónustureikninga (listinn er ekki tæmandi):

- Gögn um utanríkisverslun
- Greiðslujöfnuður við útlönd, sérstaklega farþegaflutningar með flugi
- Ársreikningar fyrirtækja og stofnana
- Staðgreiðslugögn
- Skattframtöl einstaklinga
- Ríkisreikningur og ársreikningar sveitarfélaga
- Gögn um innlenda framleiðsla
- Virðisaukaskattsvelta fyrirtækja
- Skýrslur frá Þjóðskrá Íslands ríkisins um endurstofnverð eigna
- Neyslukannanir
- Vísitölur neysluverðs og vísitölu byggingarkostnaðar
- Gögn um greiðslukortaveltu
- Launavísitölur
- Tölfræði um gistinætur
- Gögn um fjölda ferðamanna á skemmtiferðaskipum (Rannsóknarmiðstöð ferðamála)
- Fjöldi farþega á íslenskum flugvöllum (ISAVIA)
- Fjöldi sumarhúsa (Þjóðskrá)
- Ýmsar spurningakannanir sem gegna minniháttar hlutverki.

## English summary

Preliminary results of the Tourism Satellite Accounts indicate that tourism as a proportion of GDP amounted to 4.2% in 2021 compared with 3.6% in 2020. For comparison, these estimates were, on average, 8.1% in the period from 2016 to 2019, prior to the Covid-19 pandemic.

The number of foreign arriving passengers increased each year between 2009 and 2018 when the total number of foreign passengers reached 2.8 million. Arrivals decreased in 2020 due to the Covid-19 pandemic when barely half a million foreign passengers entered Iceland and in 2021 the number of foreign passengers was around 800 thousand.

Total internal tourism consumption, inbound and domestic, amounted to 349 billion ISK in 2021 and is still considerably lower than in 2019 when it amounted to 556 billion ISK, at current prices. The share of domestic tourism expenditure of total internal tourism expenditure in 2020 was 55% and hasn't been higher from the start of the time series in 2009. The largest share of internal tourism expenditure is on accommodation. The number of inbound overnight stays decreased in 2020 by 75% compared to the previous year while there was an increase in domestic overnight stays by 35%.

Almost 14 thousand persons were employed in tourism in Iceland in 2021 according to preliminary figures, compared to almost 23 thousand in 2019. In 2021, 6.5% of total working hours are estimated to have been directly related to the production of goods and services for tourism final consumption compared with 5.6% in 2020. For comparison, these estimates were, on average, 10.4% for the period 2016-2019.

In 2016, the tourism ratio or the internal tourism consumption as a proportion of domestic supply was 8.7% for Iceland, which is above the European average. The average in Europe was 3.4% according to the Eurostat publication on Tourism Satellite Accounts (TSA) in Europe (2019 edition). Note that the reference year for the European publication differs between countries but 2016 is the most common reference year. The tourism ratio for Iceland is estimated at 4,7% in 2021.

FIGURE 1  
Foreign arriving passengers by modes of transport 2009-2021




FIGURE 2  
Number of overnight stays by type of tourism 2009-2021




FIGURE 3  
Number of employed persons in tourism 2009-2021




FIGURE 4  
Internal tourism consumption 2009-2021  
Billion ISK, at current prices




TABLE 1  
Inbound tourism expenditure 2018-2021

Billion ISK, at current prices


	2018	2019	2020	2021
<b>Total consumption</b>	<b>394.9</b>	<b>384.9</b>	<b>98.3</b>	<b>188.8</b>
Accommodation	86.6	86.3	21.0	40.1
Food and beverage serving service	40.8	38.5	10.3	20.4
Road passenger transportation	14.1	13.0	3.1	4.3
Water passenger transportation	2.1	1.7	0.7	1.6
Air passenger transportation	67.2	64.5	13.6	28.0
Transport equipment rental	34.8	33.0	8.6	22.0
Travel agencies	77.7	76.7	15.4	30.6
Cultural services	3.5	3.5	1.1	1.9
Sport and recreational services	6.4	6.8	3.0	5.5
Consumption on other industries	61.7	61.1	21.5	34.3

Preliminary figures for 2021.

Hagstofa Islands

FIGURE 5  
Internal tourism expenditure by type of tourism 2018-2021


Inbound tourism expenditure Domestic tourism expenditure



Preliminary figures for 2021.

Hagstofa Islands


FIGURE 6  
Tourism ratio in domestic supply 2009-2021



Preliminary figures for 2021.


Hagstofa Islands

FIGURE 7  
Tourism ratio for selected industries 2019-2020



Hagstofa Islands


FIGURE 8  
Tourism as a proportion of GDP 2009-2021



Preliminary figures for 2021.

Hagstofa Islands


FIGURE 9  
Gross Domestic Product by selected industries 2019-2021



Preliminary figures for 2021.

Hagstofa Islands


FIGURE 10  
Tourism share in total employment and GDP 2009-2021



Preliminary figures on employment and preliminary figures for 2021.

Hagstofa Islands

FIGURE 11  
Tourism ratio in domestic supply in European countries



Reference year for TSA data differs between countries, 2016 is the most common. Reference year for Iceland is 2016. EU-28 aggregate estimated. Source: Tourism Satellite Accounts (TSA) in Europe (2019 edition) and Statistic Iceland.

Hagstofa Islands

## **Hagtíðindi** Þjóðhagsreikninga

Statistical Series *National accounts*

107 árg. • 4. tbl. 16. júní 2022

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Jana Eir Víglundsdóttir • [jana.e.viglundsdottir@hagstofa.is](mailto:jana.e.viglundsdottir@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) • [www.static.is](http://www.static.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*